

Talning laxfiska í Hítará á Mýrum 2009


Sigurður Már Einarsson

Ingi Rúnar Jónsson

Veiðimálastofnun VMST/0947

Skýrslan er unnin fyrir Stangaveiðifélag Reykjavíkur

Nóvember 2009



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Aðferðir	1
Niðurstöður og umræður	1
Heimildaskrá	2
Töflur	3
Myndir	4
Viðauki	5

Töflur:

Tafla 1. Umferð fiska um fiskteljarann við Kattarfoss sumarið 2009.	3
--	---

Tafla 2. Fjöldi fiska sem gekk upp fyrir teljarann við Kattarfoss í hverjum mánuði árið 2009.	3
--	---

Myndir:

Mynd 1. Göngur laxfiska um fiskteljarann (nettó upp-niður) í fiskveginum við Kattarfoss í Hítará árið 2009.	4
--	---

Mynd 2. Lengdardreifing laxfiska í Hítará í skráningum í fiskteljara 2009 (2 cm lengdarbil).	4
---	---

Mynd 3. Göngutími laxfiska innan sólarhringsins samkvæmt skráningum í fiskteljara (nettó upp-niður) við Kattarfoss í Hítará árið 2009.	4
---	---

Útdráttur

Fiskteljari hefur verið staðsettur í fiskveginum við Kattarfoss í Hítará á Mýrum frá árinu 2007. Árið 2009 var teljarinn starfræktur frá 12. júní til 1. október. Á þessum tíma gengu 283 laxar upp fyrir teljarann og 19 silungar. Gangan var mest í júlímánuði, en lítið gekk í ágúst. Gangan var síðan töluverð í septembermánuði í kjölfar haustrigninga. Hlutfall stórlaxa reyndist vera 11.7% af göngunni. Samkvæmt bráðabirgðatölum um stangaveiði frá Kattarfossi að Hítarvatni veiddust 95 laxar árið 2009 og hlutfall veiddra laxa af göngunni er því 33,6%.

Lykilorð: fiskteljari, Hítará, lax, silungur, göngutími, veiðihlutfall

Inngangur

Fiskteljari af gerðinni Árvaki hefur verið starfræktur í fiskveginum við Kattarfoss í Hítará á Mýrum frá árinu 2007. Kattarfoss er í um 15 km fjarlægð frá sjó, en ofan hans er 14 km langt svæði sem nær inn að Hítarvatni. Fiskvegur var byggður við fossinn 1971 (Hafðís Hauksdóttir 1999), en Kattarfoss var áður ófiskgengur fyrir göngufiska. Hítará ofan við Kattarfoss, er hluti af veiðisvæðinu Hítará II, en innan þess er einnig veitt í þveránni Tálma og Grjótá sem fellur í Tálma. Í þessari skýrslu verður grein gerð fyrir umferð fiska um teljarann sumarið 2009.

Aðferðir

Vaka fiskteljara var komið fyrir í hornhólfi fiskvegarins við Kattarfoss 12. júní 2009 og var teljarinn starfræktur til 1. október. Teljarabúnaðurinn samanstendur af skynjara í ánni, stjórnstöð, rafgeymi og sólarrafhlöðu. Í hugbúnaði teljarans eru skráðar í minni upplýsingar um göngutíma einstakra fiska og tvær skuggamyndir af hverjum þeirra. Stærð fiska er ganga um teljarann er áætluð út frá hæð (þykkt) þeirra. Allgóð tengsl eru á milli hæðar og lengdar fisksins og er hæð fisksins því umreiknanleg í lengd hans. Stuðullinn 5,8 (hæðar/lengdarstuðull) var notaður til að umreikna lengd fiska út frá teljaraskráningum. Við úrvinnslu gagna var miðað við að fiskur innan við 49 cm væri silungur, smálax (1 ár í sjó) væri frá 49 til 73 cm að lengd og stórlaxinn (2 ár í sjó) 73 cm eða stærri. Teljarinn skráir að auki vatnshita árvatns á 3 klst. fresti.

Niðurstöður og umræður

Heildarfjöldi skráninga þeirra laxa sem gengu upp eða niður um teljarann voru 405 (tafla 1), en nettófjöldi laxa sem gekk upp fyrir hann var 283. Skráningar á umferð silunga voru 81 og nettófjöldi silunga sem gekk upp fyrir teljarann var 19 (tafla 1). Nokkuð er því um flakk á fiskum upp og niður fyrir teljararammann.

Fyrstu laxarnir sem gengu um teljarann voru skráðir þann 12. júní, sama dag og teljaranum var komið fyrir. Á tímabilinu voru mestu göngurnar í júlímánuði (tafla 1, mynd 1). Litlar göngur voru í ágúst og tók alveg fyrir göngur er leið á mánuðinn (mynd

1). Áin var þá orðin mjög vatnslítill og er líklegt að einhverjar tafir hafi orðið á göngunni af þeim sökum. Í september komu ágætar göngur í kjölfar haustrigninga. Flestir laxar sem gengu um teljarann á einum degi komu þann 12. september en þá gengu 18 laxar upp fyrir teljarann. Daglegar göngur fiska í einstökum mánuðum koma nánar fram í viðauka með skýrslunni.

Alls gengu 33 tveggja ára laxar upp fyrir teljarann eða 11,7% af laxagöngunni 2009. Stærsti laxinn (mynd 2) sem gekk upp fyrir teljarann var 87 cm (6,7 kg) og gekk hann upp teljarann þann 13. september. Göngutími laxfiska innan sólarhringsins var einkum síðari hluta dagsins á tímabilinu 3 síðdegis til kl 10 að kvöldi (mynd 3).

Samkvæmt frétt á heimasíðu SVFR þann 28. september 2009 (www.svfr.is) veiddust 95 laxar á svæðinu frá Kattarfossi að Hítarvatni. Á þessu svæði er því hlutfall veiddra laxa af göngunni upp fyrir teljarann 33,6% á árinu 2009.

Heimildaskrá

Hafdís Hauksdóttir 1999. Fiskvegir á Íslandi. Fjöldi þeirra virkni og opnun á búsvæðum laxa. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri. B.S. ritgerð. 33 bls.

Töflur


Tafla 1. Umferð fiska um fiskteljarann við Kattarfoss sumarið 2009.

Fisktegund	Fjöldi fiska		
	Upp	Niður	Upp-niður
Silungur	50	31	19
Lax 1 ár í sjó	309	59	250
Lax 2 ár í sjó	35	2	33
Lax Samtals	344	61	283


Tafla 2. Fjöldi fiska sem gekk upp fyrir teljarann (nettó upp-niður) við Kattarfoss í hverjum mánuði árið 2009.

Mánuðir	Fjöldi silunga	Fjöldi laxa		
		1 árs	2 ára	Samt.
Júní	1	16	2	18
Júlí	13	200	15	215
Ágúst	4	43	6	49
September	1	72	10	82
Október	0	-1	0	-1
	19	250	33	283


Myndir



Mynd 1. Göngur laxfiska um fiskteljarann (nettó upp-niður) í fiskveginum við Kattarfoss í Hítará árið 2009.




Mynd 2. Lengdardreifing laxfiska í Hítará í skráningum í fiskteljara 2009 (2 cm lengdarbil).




Mynd 3. Göngutími laxfiska innan sólarhringsins samkvæmt skráningum í fiskteljara (nettó upp-niður) við Kattarfoss í Hítará árið 2009.

Viðauki


Göngur laxfiska innan hvers mánar um fiskteljarann í Hítará árið 2009.




A. Göngur laxfiska í júní.



B) Göngur laxfiska í júlí



C) Göngur laxfiska í ágúst



D) Göngur laxfiska í september.